

Nd.

301. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 150 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

2. gr.

Fyrir orðin „þriðja hvert ár“ í 1. másl. 10. gr. laganna komi: ár hvert.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og gefa þau út þannig breytt.

Greinargerð.

Þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, Gísli Guðmundsson, sendi landbúnaðarnefnd erindi sýslufundar þeirrar sýslu, sem fer fram á, að hækkuð verði verðlaun fyrir unnin hlaupadýr (refi). Nefndin hefur rætt þetta mál og telur sanngjarnt, að hækkuð verði nokkuð þau verðlaun, sem lögín ákveða fyrir unnin meindýr, refi og minka, þar sem verðgildi peninga hefur fallið síðan lögín um eyðingu dýra þessara voru sett og einnig með tilliti til þess, hve mikil nauðsyn er á að eyða þessum dýrum.

Af sömu ástæðu telur nefndin rétt að breyta ákvæðinu um eitrunarskyldu, þannig að í stað þess að lögín fyrirskipa nú eitrun þriðja hvert ár, skuli skylt að eittra árlega, þar sem telja má, að rækileg eitrun árlega sé öruggasta ráðið til þess að firra hæundur tjóni af vargi þessum.